



Dalapósturinn

7. tölublað, 5. árgangur

14. júní 2012

17. júní hátíðarhöld

Þjóðhátíðardaginn 17. júní verður safnast saman við Silfurtún kl. 13. Börnin fá þar fána og blöðrur.

Skrúðganga verður að mótsvæði Glaðs þar sem hlé verður gert á dagskrá hestapings.

Á reiðvellingum verður hefðbundin hátíðardagskrá. Ávarp fjallkonunnar, hátíðarræða og hoppukastalar fyrir börnin við eða í reiðhöllinni.

Miðdegiskaffi verður síðan í Leifsbúð.

Hefðbundin 17. júní hátíðarhöld verða í Saurbænum að vanda.

Skrifstofa Dalabyggðar

Vegna sumarleyfa starfsmanna verður skrifstofa Dalabyggðar lokuð frá hádegi, kl. 12, vikuna 18. – 22. júní.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Framkvæmdir hjá Dalabyggð

Nokkrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar hjá Dalabyggð á næstunni. Verktakar sem hafa áhuga á þessum verkum eru beðnir um að tilkynna það til skipulags- og byggingarfulltrúa í síma 430 4700 eða á netfangið bogi@dalir.is

Dalabúð

Fyrirhugað er að fara í viðhaldsframkvæmdir bæði að utan og innan. Klæða útveggi og skipta um glugga á sal hússins. Koma fyrir snyrtiaðstöðu á aðalhæð fyrir fatlaða og aðgengi um aðalinngang bætt.

Auðarskóli - grunnskóli

Framkvæmdir á leiksvæði skólans. Sett verða upp ný leiktæki, hellulagt og öryggismöl sett við leiktækin. Sett verður upp nýtt brunavarnarkerfi fyrir allan skólann.

Tjaldsvæði í Búðardal

Komið verður fyrir aðstöðu til losunar húsbíla. Steypt verður plan og settur upp skolkranir ásamt frárennsli.

Laugar

Framhald á múr- og málningarvinnu utanhúss á eldri hluta mannvirkjana, þ.e. kennsluálma gamla skólans (Dalagisting) og einnig íþróttahús að hluta.

Vinnuskólinn

Um 10 börn á aldrinum 13-16 eru nú starfandi við Vinnuskólann við ýmis störf. Mun hann starfa til 31. júlí.

Sumarlokun Héraðsbókasafns

Héraðsbókasafn Dalasýslu verður lokað frá 25. júní til og með 13. ágúst vegna sumarfrís.

Notendur safnsins eru hvattir til að koma og birgja sig upp af bókum, ef svo ólíklega vildi til að það kæmu rigningardagar. Tvær opnanir eru eftir fram að fríi, 19. og 21. júní.

Bæjarhátíð

Bæjarhátíð í Búðardal verður haldin helgina 6.-8. júlí næstkomandi. Hátíðin verður með svipuðu sniði og fyrir tveimur árum og byggist upp á þáttöku heimamanna og annarra velunnara.

Í boði verður tónlist af ýmsu tagi, kjötsúpukvöld, markaður, sýningar, kvöldvaka, dansleikur og fleiri viðburðir.

Fyrir þá sem vilja taka þátt í dagskránni á einhvern hátt, þar með talið kjötsúpukvöldi, er bent á að hafa samband við Hönnu Valdísi í síma 868 5193 eða á netfangið dalirnir@gmail.com.

Viðburðir bæjarhátíðar verða kynntir á vef Dalabyggðar fram að hátíðinni.

Kjörskrá fyrir forsetakosningar

Kjörskrá vegna forsetakosninga 30. júní mun liggja frammi á skrifstofu Dalabyggðar á opnunartímum frá og með miðvikudeginum 20. júní.

Kjörfundur verður auglýstur síðar.

Sælingsdalslaug sumarið 2012

mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun
11.6. 14-19	12.6. 14-19	13.6. 14-19	14.6. 14-19	15.6. 14-20	16.6. 10-18	17.6. 10-18
18.6. 14-19	19.6. 14-19	20.6. 14-19	21.6. 14-19	22.6. 14-20	23.6. 10-18	24.6. 10-18
25.6. 10-19	26.6. 10-19	27.6. 10-19	28.6. 10-19	29.6. 10-20	30.6. 10-19	1.7. 10-19
2.7. 10-20	3.7. 10-20	4.7. 10-20	5.7. 10-20	6.7. 10-21	7.7. 10-19	8.7. 10-19
9.7. 10-20	10.7. 10-20	11.7. 10-20	12.7. 10-20	13.7. 10-21	14.7. 10-19	15.7. 10-19
16.7. 10-20	17.7. 10-20	18.7. 10-20	19.7. 10-20	20.7. 10-21	21.7. 10-19	22.7. 10-19
23.7. 10-20	24.7. 10-20	25.7. 10-20	26.7. 10-20	27.7. 10-21	28.7. 10-19	29.7. 10-19
30.7. 10-20	31.7. 10-20	1.8. 10-20	2.8. 10-20	3.8. 10-21	4.8. 10-19	5.8. 10-19
6.8. 10-19	7.8. 10-19	8.8. 10-19	9.8. 10-19	10.8. 10-20	11.8. 10-18	12.8. 10-18
13.8. 14-19	14.8. 14-19	15.8. 14-19	16.8. 14-19	17.8. 14-20	18.8. 12-18	19.8. 12-18